

Skattbyrðin í kreppunni II

Samanburður Íslands og annarra vestrænna ríkja árið 2009

eftir

Arnald Sölva Kristjánsson og Stefán Ólafsson

Samandregnar niðurstöður


Heildarskattbyrði Íslendinga var minni en í 18 öðrum OECD-ríkjum og rétt fyrir neðan meðallag árið 2009, þegar allt er talið. Heildarskattbyrðin á Íslandi lækkaði úr 41,5% af landsframleiðslu árið 2006 niður í 34,1% árið 2009, á sama tíma og meðaltal OECD-ríkjanna lækkaði úr 35,4% í 34,8%. Miklu veldur að skattstofnar hafa dregist saman hér en einnig lækkaði skattbyrði lágtekju- og millitekjufólks árið 2009. Hæsta álagning launatekna var frekar lág á Íslandi árið 2009 en hún hækkaði talsvert árið 2010.

Ef lítið er á raunverulega skattbyrði einstaklinga vegna beinna skatta, greint eftir tekjuhópum, kemur í ljós að skattbyrði lágtekjufólks á Íslandi var í 15. sæti af 30 OECD ríkjum, skattbyrði meðaltekjufólks var í 10. sæti en hæsta álagning á hátekjufólk var hins vegar í 24. sæti af OECD-ríkjunum. Hún hafði hins vegar hækkað upp í 12. sæti árið 2010.

Samanburðurinn bendir til, að ástæða geti verið til að létta skattbyrði af íslensku meðaltekjufólki. Slíkum áhrifum mætti til dæmis ná með frekari hækkun barnabóta og vaxtabóta, sem myndi einnig rétta við hlut fjölskyldna með mikinn skuldavanda.

Heildarskattbyrði í OECD ríkjunum 2009

Á mynd 1 má sjá heildarskattbyrði aðildarríkja OECD samtakanna árið 2009. Tölurnar eru hinn venjulegi mælikvarði á heildarskattbyrði þjóða, þ.e. allar skatttekjur hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) sem hlutfall af vergrar landsframleiðslu.



Mynd 1: Heildarskatttekjur hins opinbera sem hlutfall vergrar landsframleiðslu 2009

Ísland var í 19. sæti af 34 OECD-ríkjum, fyrir neðan meðallag, þegar umfang heildarskattbyrðarinnar á kreppuárinu 2009 er samanborin. Þetta var árið þegar fjárhagsvandi ríkisins var hvað mestur og eftir að skattar höfðu verið hækkaðir hér á fólk með hærri tekjur, en einnig eftir að neysluskattar og vörugjöld höfðu verið hækkuð.

Samanburður á skattlagningu launatekna einstaklinga – ólíkir tekjuhópar

Hér verður sýndur samanburður á skattlagningu launatekna, eins og hún er metin í skatta- og bótalíkönum OECD (sjá nánar í skýrslum OECD *Benefits and Wages* og *Taxing Wages*). Gagnagrunnurinn reiknar út skatta, tryggingargjöld og bætur eins og lög gera ráð fyrir að gefnum forsendum um tekjur (hér er miðað er við þrjá tekjuhópa: lágtekjufólk með 66% af miðtekjum launafólks, miðtekjur, og tekjur sem eru 66% hærri en miðtekjur launafólks).

Tafla 1 sýnir niðurstöður OECD um skattbyrði þessara tekjuhópa ásamt hámarksálagningu í tekjuskatti einstaklinga (þ.e. álagningu á hæstu tekjur). Reikningurinn miðast við barnlausa einstaklinga í þremur ofangreindum tekjuflokkum (dálkar 1-3).

Tafla 1. Skattbyrði ólíkra tekjuhópa og hámarksálagning launatekna árið 2009.

Lágar tekjur	Meðaltekjur	Hærri meðaltekjur	Hæsta álagning
Danmörk	38%	Belgía	42%
Þýskaland	36%	Þýskaland	41%
Belgía	34%	Danmörk	39%
Ungverjaland	29%	Ungverjaland	38%
Holland	27%	Austurríki	33%
Austurríki	27%	Holland	32%
Frakkland	26%	Ítalía	29%
Noregur	26%	Noregur	29%
Ítalía	25%	Finnland	29%
Tyrkland	25%	Ísland	28%
Pólland	23%	Frakkland	28%
Svíþjóð	23%	Tyrkland	27%
Finnland	23%	Lúxemborg	26%
Bretland	22%	Svíþjóð	25%
Ísland	22%	Bretland	25%
Grikkland	19%	Grikkland	25%
Lúxemborg	19%	Pólland	24%
Bandaríkin	19%	Kanada	23%
Japan	19%	Bandaríkin	22%
Sviss	18%	Portúgal	22%
Kanada	18%	Tékkland	22%
Tékkland	18%	Ástralía	22%
Slóvakía	17%	Sviss	22%
Portúgal	16%	Slóvakía	21%
Ástralía	16%	Írland	21%
Nýja Sjáland	16%	Japan	20%
Spánn	15%	Spánn	20%
Írland	14%	Nýja Sjáland	18%
Kórea	9%	Kórea	12%
Mexíkó	0%	Mexíkó	5%
		Belgía	49%
		Danmörk	49%
		Þýskaland	46%
		Holland	38%
		Austurríki	37%
		Finnland	36%
		Ítalía	36%
		Noregur	36%
		Svíþjóð	36%
		Lúxemborg	35%
		Frakkland	33%
		Ísland	33%
		Írland	33%
		Grikkland	31%
		Tyrkland	31%
		Portúgal	30%
		Bregland	30%
		Ungverjaland	29%
		Bandaríkin	29%
		Ástralía	28%
		Kanada	27%
		Tékkland	26%
		Sviss	26%
		Nýja Sjálans	25%
		Pólland	25%
		Slóvakía	25%
		Spánn	25%
		Japan	24%
		Kórea	15%
		Mexíkó	13%
		Svíþjóð	57%
		Belgía	54%
		Danmörk	52%
		Holland	52%
		Austurríki	50%
		Japan	50%
		Finnland	49%
		Frakkland	48%
		Þýskaland	48%
		Ástralía	47%
		Kanada	46%
		Ítalía	45%
		Spánn	43%
		Portúgal	42%
		Sviss	42%
		Bandaríkin	42%
		Írland	41%
		Grikkland	40%
		Noregur	40%
		Bretland	40%
		Kórea	39%
		Lúxemborg	39%
		Nýja Sjáland	38%
		Ísland	37%
		Ungverjal.	36%
		Tyrkland	36%
		Pólland	32%
		Mexíkó	28%
		Slóvakía	19%
		Tékkland	15%

Heimild: OECD, *Tax benefit model*. Sjá *Taxing Wages*. Tölurnar fyrir Ísland innihalda einnig 4% skyldaðar iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði, eins og AGS mælir með að gert sé. Í hinum OECD-ríkjunum eru slík tryggingaíðgjöld talin með beinum sköttum.


Af töflu 1 má sjá að mikill mismunur er á skattbyrði milli þjóðanna. Þannig er skattbyrði af lágum tekjum (sem eru rétt fyrir ofan fátæktarmörk) allt frá því að vera 0% í Mexíkó upp í 38% í Danmörku. Skattkerfi allra aðildarríkja OECD eru byggð upp með þeim hætti að skattbyrði eykst þegar tekjur hækka (ef frá er talið Ungverjaland, en þar lækkar skattbyrðin í hærri tekjuhópnum). Meginreglan er þó sú, að skattkerfi vestrænna ríkja leggja á stigvaxandi byrði með hækkingu tekjum. Flest OECD ríkin eru með fjölþrepaskatt, líkt og Ísland er nú.

Ef Ísland er borið saman við aðrar vestrænar þjóðir má segja að skattbyrði vegna beinna tekjuskatta einstaklinga hér sé á heildina lítið yfir meðallagi þjóðanna, nema fyrir lágtekjuhópa og allra hæstu tekjuhópar, þ.e. þá sem hafa umtalsverðar fjármagnstekjur. Þeir hafa einnig

frekar lága skattbyrði á Íslandi í samanburði við OECD-ríkin. Einnig er athyglisvert að skattbyrði virðist vaxa hraðar hér en í hinum löndunum þegar tekjur fara úr lágum yfir í meðaltekjur. Fyrir hrun var skattbyrði lágtekjuhópa á Íslandi hins vegar meiri en nú er. Samkvæmt þessu mætti segja að hlífa þurfi meðaltekjufólki betur við skattbyrði en nú er.

Tekið skal fram að taflan sýnir skattbyrði fyrir árið 2009 en á árinu 2010 var skattbyrði hækkuð enn meira fyrir meðal og hærri tekjuhópa (en ekki lágtekjuhópa) og því kann staða Íslands að breytast í samanburði fyrir 2010, þegar gögn verða tilbúin fyrir það ár. Hins vegar má einnig vænta skattahækkana hjá öðrum OECD þjóðum 2010 og 2011 svo það er ekki augljóst hvernig staða Íslands breytist í samanburðinum. Gögnin sýna þó vel áhrif kreppunnar og stjórnarstefnunnar á skattbyrði einstaklinga eftir að út í kreppuna var komið, en árið 2009 varð samdráttur þjóðarframleiðslu mestur og fjárhagur hins opinbera erfiðastur.

Á mynd 2 má sjá hæstu jaðarálagningu launatekjuskatts. Jaðarskatturinn sýnir hve mikið af hæstu tekjum skattgreiðandans rennur til hins opinbera, þ.e. þegar tekjurnar eru komnar upp fyrir mörk efsta álagningarþrepsins. Myndin sýnir gögn um það fyrir árið 2009 en tölum fyrir árið 2010 er bætt við í tilfelli Íslands. Á myndinni má sjá að hæsta jaðarálagning hækkaði hér talsvert milli árana og fór úr því að vera með þeim lægri upp í að vera nokkuð fyrir ofan miðju OECD ríkjanna.



Mynd 2. Hæsta jaðarálagning í tekjuskatti einstaklinga árið 2009, auk 2010 fyrir Ísland.

Þegar allt er saman tekið, má segja að raunveruleg heildarskattbyrðin á Íslandi sé furðu lág, sem hlutfall af landsframleiðslu, eftir skattahækkunirnar sem innleiddar voru vegna kreppunnar árið 2009. Rýrnun skattstofna í kreppunni á sinn þátt í því. Þrátt fyrir hækkun beinna skatta er skattbyrði lágtekjufólks (sem lækkaði) rétt í meðallagi OECD-ríkjanna, en skattbyrði meðaltekjufólks er svipuð og í Finnlandi og Noregi. Jaðarálagning í tekjuskatti einstaklinga var mjög lág árið 2009 en hækkaði talsvert 2010. Hún er nú hærri en í Noregi en lægri en í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Heimildir: OECD Tax Database; einnig eftirtaldar árlegar skýrslur fyrir aðildarríkin: OECD- Revenue statistics; OECD-Taxing Wages; OECD-Benefits and Wages.

Frekari upplýsingar veita höfundar, netfang olafsson@hi.is og ask7@hi.is.